

# Ársskýrsla

## 2016

### Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi

Sími: 560 2030  
Kennitala: 641199-2579

Tryggvagötu 13  
800 Selfossi

fraedslunet@fraedslunet.is  
www.fraedslunet.is

---

## Efnisyfirlit

Inngangur	1
Mannauður	2
Aðstaða	4
Fræðslustarfsemi á árinu	5
Námsráðgjöf og raunfærnimat	9
Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir	10
Önnur starfsemi	11
Rekstur	13
Gæðastarf og stefnumótun	16

## Inngangur

---

Starfsemin árið 2016, sem er sautjándi starfsár Fræðslunetsins, var í flestu keimlík þeirri sem verið hefur. Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu starfsþætti í starfinu og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað.

Stjórnin þurfti á árinu að bregðast við beiðni Háskólafélags Suðurlands um viðræður um hagkvæmni þess að sameina félögin tvö. Eftir talsverða skoðun komst stjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki væri rétt að svo stöddu að fara í slíkar viðræður, en lagði þess í stað áherslu á að félögin hefðu sem mesta samvinnu og reyndu að auka hana.

Fræðslunetið stórkjók á árinu heimsóknir til stofnana og fyrirtækja og lagði með þeim grunn að góðu tengslaneti. Í kjölfarið hefur Fræðslunetið aukið fræðsluþjónustu sína við atvinnulífið og þá sérstaklega ferðaþjónustuna.

Þau tímamót urðu á árinu að notkun á fjarkennslubúnaði var hætt í kennslu. Við tók kennsla í gegnum veraldarvefinn með Skype for Business. Í kjölfar þessara tæknibreytinga jókst dreifnám og fjarnám hjá Fræðslunetinu. Þá jók Fræðslunetið einnig samvinnu í kennslu við aðrar fræðslumiðstöðvar og á núna í formlegri samvinnu við Visku í Vestmannaeyjum og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Á árinu hófst formleg samvinna Menntaskólans í Kópavogi og Fræðslunetsins með námi í svæðisleiðsögn sem Fræðslunetið bauð uppá haustið 2016. Samvinnan hefur gengið vel og orðaðir hafa verið fleiri möguleikar á samvinnu.

Nýr framkvæmdastjóri tók við starfi í ársbyrjun og fékk hann dýrmæta leiðsögn frá ráfarandi framkvæmdastjóra um mánaðarskeið. Líklegt er að vinnubrögð og viðhorf nýs yfirmanns hafi átt þátt í því að breyta og móta eitt og annað í starfsemi Fræðslunetsins á árinu.

Umsjón og ábyrgð með ársskýrslu þessari hefur haft Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

## Mannauður

### Stjórn

Breyting varð á stjórn Fræðslunetsins snemma árs 2016. Eftir áralanga þjónustu létu þeir Gylfi Þorkelsson formaður og Gunnar B. Þorsteinsson varaformaður af störfum. Alls urðu stjórnarfundir sex á árinu. Nú er stjórnin skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Sigursveinn Sigurðsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Laufey Ósk Magnúsdóttir, varaformaður (kosin af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Elín Einarisdóttir (kosin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

### Starfsmenn

Eyjólfur Sturlaugsson	Framkvæmdastjóri	100 %
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	Verkefnastjóri/staðgengill framkv.st.	100 %
Sandra D. Gunnarsdóttir	Verkefnastjóri	100 %
Eydís K. Guðmundsdóttir	Náms- starfsráðgjöf/verkefnastjóri	100 %
Lilja Össurardóttir	Verkefnastjóri	100 %
Nína S. Birgisdóttir	Verkefnastjóri	25 %
Eyrún U. Guðmundsdóttir	Verkefnastjóri	80 %
Oddný Gísladóttir	Þjónustufulltrúi	100 %
Sólveig Kristinsdóttir	Náms- starfsráðgjöf /verkefnastjóri	90 %
Júlíana Gústafsdóttir	Stuðningsfulltr. með kvöldumsjón	45 %
Sigríður E. Kristinsdóttir	Þrif	30 %
Áslaug Einarisdóttir	Verkefnastjóri	50 %
Samtals stöðugildi:		<b>9,2</b>

## Starfsmannahald

Árdís Óskarsdóttir ritari hjá Fræðslunetinu lét af störfum sumarið 2016 eftir áralangt starf. Í kjölfarið var skipulagi á móttöku, kvöldgæslu og ritarastarfi hjá Fræðslunetinu breytt með það að leiðarljósi að gera ritarastarfið að sjálfstæðu starfi. Núverandi ritari Fræðslunetsins er Oddný Gísladóttir og Júlíana Gústafsdóttir sinnir stuðningi, kvöldgæslu og ræstingu.

Í júní lét Margrét Gauja Magnúsdóttir af störfum, sem verkefnastjóri í 50% starfshlutfalli á Höfn. Í kjölfarið var starfshlutfall Eyrúnar Guðmundsdóttur hækkað um 30% og Nína Síbyl Birgisdóttir ráðin í 25% starf, en hún hafði áður unnið hjá Fræðslunetinu um árabíl.

Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal hjá framkvæmdastjóra í febrúar og mars og haldnir voru alls fimm starfsdagar þar sem allir starfsmenn mættu saman til stefnumótunar, greiningarvinnu og samráðs.

Unnið var í gerð starfsmannahandbókar og voru á árinu m.a. lagðar línur varðandi orlof og yfirvinnu starfsmanna.

## Endurmenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2016 að uppfæra þekkingu sína. Tveir starfsmenn hófu framhaldsnám til meistragráðu um haustið í námsráðgjöf og félagsráðgjöf.

Fulltrúar frá Fræðslunetinu fóru á flest þau málþing og ráðstefnur sem í boði voru fyrir fólk í fullorðinsfræðslu á Íslandi árið 2016. Þá fóru nokkrir starfsmenn erlendis í fræðslu- og samstarfsferðir í tengslum við verkefni sín og störf.

## Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnum með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða til kennslu, við námsbrautir og lengra nám, kennaramenntað fólk, væri þess nokkur kostur. Margir kennarar í verktöku hafa unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru fræðslumiðstöðinni afar dýrmætir.

## Aðstaða

---

### Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Landshlutinn er stór og engin annar fræðsluaðili í framhaldsfræðslunni á landsvísu hefur jafnstórt þjónustusvæði. Til þess að getað sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að vera með samninga við fjölda aðila, sem leigja húsnæði. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú fjórar; á Selfossi, á Hvolsvelli, í Vík og á Höfn.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins er almennt góð eða mjög góð.

### Búnaður

Á árinu 2016 var með öllu látið af notkun fjarkennslubúnaðar, sem notar innhringisambönd á IP tölum. Þess í stað fóru allir fundir og fræðsla fram á Skype for Business. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað gert verður við fjarkennslubúnaðinn en hann er í sameiginlegri eign með Háskólafélagi Suðurlands.

Tölvubúnaður Fræðslunetsins er nánast allur gamall og úrsérgenginn. Lítil endurnýjun átti sér stað á honum árið 2016 nema það sem er allra nauðsynlegast.

Tekið var fullt skref inn í Microsoft Office 365 umhverfið á árinu og unnið hefur verið að innleiðingu kerfisins á sem flestum sviðum starfseminnar. Kostnaðarlækkun vegna þessa er þó ekki væntanleg fyrr en árið 2017.

Símamál hafa verið Fræðslunetinu kostnaðarsöm og erfið á árinu. Símasamband í Vík og Höfn hafa nánast allt árið verið í skoðun eða viðgerð. Búnaðurinn á Kirkjubæjarklaustri hefur einnig verið að gefa sig.

## Fræðslustarfsemi á árinu

Árið 2016 var líflegt í fræðslustarfsemi. Á heildina litið er þó fækkun á námskeiðum og útskrifuðum nemendum. En markvisst var dregið úr framboði á tómstundarnámskeiðum á árinu. Til að bregðast við versnandi afkomu var mikil vinna lögð í að fá fleiri þátttakendur á hvert og eitt námskeið og bar sú vinna árangur, sérstaklega þegar leið á árið.

Ár	Fjöldi			Meðaltal
	Námskeið	Námsmenn	Nemendastundir	Fjöldi í námshópi
2013	177	1.552	53.587	8,8
2014	167	1.584	52.226	9,5
2015	149	1.316	53.587	8,8
2016	100	1.140	53.295	11,4

Þrátt fyrir að bæði fækki námskeiðum og námsmönnum er hlutfallslega mjög lítil fækkun nemendastunda á milli ára.

## Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Aðsókn að námskeiðum var góð og leitast var við að stækka námshópana og tryggja minna brottfall. Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið; á Selfossi, í Þorlákshöfn, í Reykholti, í Rangárbíngi, í Vík, á Klaustri, í Örafum og á Höfn.

Ár	Fjöldi		Meðaltal
	Námskeið	Nemendur	Fjöldi í námshópi
2013	19	172	9,1
2014	27	271	10,0
2015	26	258	9,9
2016	25	272	10,9

Íslenska var í nokkrum tilvikum kennd á vinnustað og hefur eftirspurn eftir slíkrri útfærslu aukist.

## Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Samningur milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslunetsins fyrir árið 2016 hljóðaði upp á 33.800.000 kr. Í lok ársins fékk Fræðslunetið viðbót uppá 1.044.000 kr. Fræðslunetinu tókst að standa við samninginn og nýtti allt sitt fé. Námsbrautir sem kenndar voru á árinu eru eftirfarandi:

Heiti námskeiðs	kest.	Alls hófu nám	Alls luku námi	Brottfall %
<b>Vor 2016</b>				
Félagliðabré FNS - fjarnám	152	19	19	0%
Menntastoðir - dreifnám	368	14	13	7%
Myndlistasmiðja - Málun - Höfn	120	11	10	9%
Skref til sjálfshjálpar - Höfn	28	7	4	43%
Skref til sjálfshjálpar - Selfoss	60	8	4	50%
Sölu- markaðs- og rekstrarnám	222	16	15	6%
Stuðningsfulltrúabré	160	12	12	0%
Leikskólaliðabré	160	12	12	0%
Grunnnámskeið í fiskvinnslu - Höfn	36	10	6	40%
Samtals:	1306	109	95	13%
<b>Haust 2016</b>				
Félagliðabré FNS	112	25	24	4%
Grunnmenntaskóli - Höfn	150	10	10	0%
Grunnmenntaskóli - Selfoss	160	16	9	44%
Sölu- markaðs- og rekstrarnám	188	16	9	44%
Kvikmyndasmiðja, margmiðlunarsmiðja	120	20	12	40%
Menntastoðir	290	15	13	13%
Stuðningsfulltrúabré	120	13	13	0%
Samtals:	1.140	115	90	22%
<b>Samtals:</b>	<b>2.446</b>	<b>224</b>	<b>185</b>	<b>17%</b>

Eins og sést á yfirlitinu þá er afar misjafnt eftir brautum hversu mikið borttfallið er. Meðalbrottfall af námsbrautum FA er 17%.



## Námskeið fyrir fatlað fólk

Námskeið fyrir fatlað fólk er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi, í Vík og á Höfn. Nokkuð jöfn ásókn er í námskeiðin og nær framboðið að sinna eftirspurn á svæðinu vel. Markhópurinn á Suðurlandi er að eldast og þarf hann því meiri stuðning, sem takmarkar nokkuð fjölda á hvert námskeið.

Ár	Fjöldi		Nemenda- stundir
	Námskeið	Nemendur	
2013	54	194	3.844
2014	44	153	2.386
2015	44	144	2.725
2016	39	135	2.523

Framlag frá Fjölmennt til kennslunar hefur ekki fylgt verðþróun undanfarinna ára og staðið í stað. Það hefur leitt til þess að framlagið dekkar tæplega lengur allan kostnað við námskeiðin og þau því orðin Fræðslunetinu dýrari en áður.

## Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hafa ýmiss námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa ýmiss úrræði til að verða virkir í samfélaginu, farið fjölgandi. Fræðslunetið hefur smátt og smátt fjölgað slíkum námskeiðum fyrir skjólstæðinga Birtu starfsenduhæfingu, VIRK og Vinnumálastofnun. Þrátt fyrir gott atvinnuástand hefur aukist þörf fyrir slík námskeið og eftirspurn því á uppleið fremur en hitt.

Ár	Fjöldi	
	Námskeið	Námsmenn
2013	3	29
2014	11	120
2015	15	147
2016	14	150

Samstarf Fræðslunetsins við ofangreinda aðila hefur farið vaxandi á árinu og var m.a. haldinn samstarfsfundur allra aðila haustið 2016 að frumkvæði Fræðslunetsins.

### **Önnur fræðsla**

Önnur fræðsla var ekki hlutfallslega umfangsmikil árið 2016. Aðeins örfá tómtundar-námskeið voru kennd enda yfirlýst stefna Fræðslunetsins að draga sig út úr vinnu við þau.

Nokkuð bar á þjónustutengdum námskeiðum fyrir fyrirtæki og stofnanir og er það vaxandi þáttur í starfseminni. Þar eru fyrirferðamest námskeið fyrir ferðaþjónustu og svo skyndihjálp.

## Námsráðgjöf og raunfærnimat

### Námsráðgjöf

Námsráðgjöf var með svipuðum hætti og áður. Þar sem viðtalafjöldi 2015 fyllti ekki upp í samning, sem gerður var við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var Fræðslunetið í “skuld” í upphafi árs 2016. Námsráðgjafarnir þurftu því að taka ríflega 600 viðtöl á árinu 2016. Og það tókst þeim:

Ár	Ráðþegar
2012	622
2013	657
2014	738
2015	417
2016	623

Námsráðgjöfin fer að mestu fram á Selfossi, en á árinu voru mörg viðtöl tekin á Höfn í tengslum við raunfærnimat þar.

### Raunfærnimat

Raunfærnimat var mjög umfangsmikið á árinu og fjölgaði viðtölum og metnum einingum verulega frá fyrra ári. Færa má fé til raunfærnimats milli ára samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Því geta sveiflur milli ára orðið nokkuð miklar.

Ár	Fjöldi	
	Nemendur	Einingar
2013	14	264
2014	112	2.072
2015	47	1.725
2016	77	2.434

Raunfærnimat verslunarfulltrúa á Höfn var það fyrsta sinnar tegundar á landsvísu.

## **Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir**

### **Áttin**

Fræðslunetið gerði samning við Áttina um kynningu á gáttinni meðal fyrirtækja á Suðurlandi. Alls heimsóttu starfsmenn Fræðslunetsins rúmlega 50 fyrirtæki og kynntu vefgáttina fyrir stjórnendum. Í forgangi var að styrkja tengsl við ferðaþjónustuna og mun um 80% heimsóknanna hafa verið í þeim geira.

Afrakstur heimsóknana er talsverður og þá fyrst og fremst að Fræðslunetið hefur komið sér upp betra tengslaneti en áður í atvinnulífinu og þá sérstaklega við aðila í ferðaþjónustu.

### **Fræðslustjóri að láni**

Verkefnið “Fræðslustjóri að láni” var kynnt víða á árinu og ákváðu tvö sveitarfélög síðla árs að fara í verkefnið; Skaftárhreppur með allt sitt ófaglærða starfsfólk og Árborg með starfsmenn félagþjónustu. Bæði verkefnin fara af stað 2017 og verða það fyrstu slíku verkefnin hjá Fræðslunetinu frá upphafi.

### **Íslenska fyrir útlendinga**

Nokkur fyrirtæki báðu um námskeið í íslensku fyrir sitt starfsfólk. Þar bar hæst stór námskeið fyrir Skinney Þinganes og Hótel Skaftafell. Ekki var hægt að verða við öllum bónum um útfærslu á slíkum námskeiðum.

### **Sérstök námskeið fyrir fyrirtæki**

Fræðslunetið hannaði nokkur séstæk námskeið fyrir fyrirtæki á árinu. Þar ber hæst “Ferðaþjónustu fjarkann”. Fjarkinn á að baki langa þróunarsögu en hann var hannaður í samvinnu og samráði við fjölmarga aðila úr ferðaþjónustunni. Þá voru hönnuð lítil örnámskeið í ferðaþjónustu ætluð fyrirtækjum sem ætla að fara í Vakann (gæðaþjónustukerfi ferðaþjónustunnar) og excel námskeið sem er fjarkennt að hluta.

## Önnur starfsemi

### Vísindasjóður

Úthlutun ársins 2016 var með hefðbundnum hætti. Alls var úthlutað 1.000.000 kr. til styrkja á rannsóknum til meistara- og doktorsgráðu. Styrkt rannsóknarverkefni fjalla, eins og áður, um sunnlensk fyrirbæri. Umsóknir þetta árið voru hinsvegar óvenjulega fáar.

Á árinu 2016 rann út fimm ára samningur við kostunaraðila sjóðsins. Var í kjölfarið öllum kostunaraðilum boðinn nýr samningur og gengu allir nema einn að honum. Einnig voru nýjum kostunaraðilum boðin þátttaka og bættust nokkrir nýir í hópinn. Niðurstaðan er því að Vísindasjóðnum eru tryggðar heldur meiri tekjur, en áður, næstu fjögur árin.

### Erlent samstarf

Fræðslunetið var ekki formlegur aðili að neinu erlendu samsarfi þetta árið. Sótt var um í Erasmus sjóði á árinu eftir framhaldsstyrk vegna hestaverkefnis sem Fræðslunetið hafði 2015. Styrkumsókninni var hafnað.

### Þróunarstarf

Á árinu lauk formlega þróunarverkefninu “Tækfæri” en lokaafurð þess var áðurnefndur Ferðapjónustfjarki; fjögur hagnýt námskeið fyrir aðila í ferðapjónustu. Listnámsbraut fyrir fatlaða var í þróunarkeyrslu allt árið og lýkur verkefninu veturinn 2016-2017. Þá var hannað og prufukeyrt nýtt námskeið í Excel undir lok árs.

Sótt var um þrjú þróunarverkefni í Þróunarsjóð Fræðslusjóðs atvinnulífsins vorið 2016. Öllum styrkumsóknum var hafnað.

Á sviði kennslu hefur verið í þróun aukið dreifnám og speglaðir kennsluhættir. Á árinu voru tekin nokkur stór og ákveðin skref á þessum sviðum í samstarfi við leiðbeinendur hjá Fræðslunetinu og aðra samstarfsaðila.

## Markaðs- og kynningarstarf

Verulega var unnið í markaðs- og kynningarmálum á árinu og má segja að “andlit” Fræðslunetsins hafi fengið upplýftingu.

Ný heimasíða leit dagsins ljós seinnipart vetrar. Fyrir utan útlitsbreytingar þá var öllu efni endurraðað og það aukið. Einnig voru keyptar öflugar vírusvarnir fyrir vefsvæðið en það hafði verið viðkvæmt fyrir árásum.

Lógó fræðslunetsins var endurhannað og í kjölfarið allar merkingar á umslögum, stimplum og fleira. Keypt var ýmisleg kynningarvara og einnig fjárfest í fjórum dragskiltum.

Síðasti námsvísir Fræðslunetsins kom út um áramótin 2015/2016. Engin neikvæð viðbrögð frá einstaklingum fylgdu í kjölfarið. Auglýsingar birtast núna í auknum mæli í hérðasblöðum, á vefsíðu og Facebook. Stefnan er sú að auka persónuleg tengsl við stofnanir og fyrirtæki þannig að minna þurfi að auglýsa.

Allt kynningarefni er hannað af Steinunni Ósk Kolbeindóttur verkefnastjóra.

## Rekstur

### Afkoma

Árið 2015 var rekið með lítilsháttar tapi. Rekstur ársins 2016 var þungur og niðurstaðan var aukið tap frá fyrra ári. Tapið nemur nú um 6% af veltu.

### Rekstrarreikningur ársins 2016

	Áætl. 2016	2016	2015
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög frá ríki, FA, námskeiðagjöld ofl....	179.096.000	157.105.625	164.111.723
<b>Rekstrarkostnaður:</b>			
Laun og tengd gjöld.....	87.900.000	85.976.821	83.185.070
Húsnæðiskostnaður.....	16.500.000	12.096.582	14.183.731
Annar kostnaður.....	66.150.000	62.879.925	63.643.185
Afskriftir.....	5.000	3.963.522	5.389.915
	170.555.000	164.916.850	166.401.901
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....	8.541.000	(7.811.225)	(2.290.178)
Vextir, bankakostn. og fjármagnstekjusk....		(811.222)	(603.851)
Vaxtatekjur.....		2.188.687	1.766.199
		1.377.465	1.162.348
<b>Rekstrarhagnaður (tap) ársins.....</b>	<b>2.646</b>	<b>(6.433.760)</b>	<b>(1.127.830)</b>

Taprekstur til lengri tíma hefur áhrif á sjóðsstreymi og efnahagsreikning Fræðslunetsins. Núerandi efnahagsreikningur endurspeglar það því sýnilega hefur nokkuð gengið á eignir.

**Efnahagsreikningur**

	2016	2015
<b>EIGNIR:</b>		
<b>Aðrar eignir:</b>		
Verðbréfavelta nr. 370336 (bundinn reikningur)....	2.558.290	2.486.163
<b>Fastafjármunir:</b>		
Húsbúnaður.....	4.537.805	7.351.133
Tölvubúnaður og tæki.....	1.563.978	2.163.784
	6.101.783	9.514.917
<b>Veltufjármunir:</b>		
Viðskiptakröfur.....	14.136.801	4.824.022
Landsbanki Íslands innlánsreikningar.....	39.319.265	58.986.306
	53.456.066	63.810.328
<b>EIGNIR ALLS:</b>	62.116.139	75.811.408

**Greining**

Þegar borin er saman rekstraráætlun fyrir 2016 og svo rekstrarniðurstaða kemur í ljós að það er fyrst og fremst tekjuhliðin sem hefur brugðist. Gjaldahliðin er nokkurn veginn á áætlun. Helstu tekjustofnar sem brugðust voru:

	Áætlað	Niðurstaða	Mismunur
Tekjur af erlendu samstarfi.	3.800.000	337.137	3.462.863
Tekjur af þróunarstarfi	5.000.000	1.500.000	3.500.000
Framlög frá FA, v/námsbr.*	33.800.000	32.036.430	1.763.570
Tekjur vegna sóknaráætlunar	6.000.000	0	6.000.000
Samtals ofáætlaðar tekjur			<b>14.726.433</b>

\* Hér er um að ræða skuld upp á rúmar 1.700.000 kr. frá 2015 sem varð að endurgreiða 2016



## Horfur

Helsti óvissupáttur í rekstri Fræðslunetsins hefur verið aukaframlag frá Ríkingu upp á 10.000.000 kr. sem hefur fengist undafarin ár í gegnum umræðu um fjárlög í þinglegri meðferð. Blikur eru á lofti um að þetta framlag sé ekki lengur fyrir hendi. Ljóst er að Fræðslunetið á í miklum erfiðleikum með að ná endum saman komi þetta framlag ekki til eða annað framlag frá Ríkinu. Fáist féð ekki 2017 þarf að skoða gaumgæfilega hvernig best er að mæta slíku tekjutapi.

Ekki er lengur stuðningur við sóknaráætlun sem verið hefur í gangi á miðsvæðinu. Fræðslunetið og Háskólafélag Suðurlands hafa rekið þar námsver, sem voru sett upp í “sókninni”. Einnig hefur Fræðslunetið haldið úti 50% stöðugildi í Vík, sem kostað hefur verið af fé frá sóknaráætluninni. Fyrir liggur að endurskoða þarf þjónustunna á miðsvæðinu í ljósi nýrrar stöðu.

Rekstur Fjölheima hefur verið Háskólafélagi Suðurlands og Fræðslunetinu vaxandi baggi eftir því sem leiga hefur hækkað. Félögin tvö hafa átt í góðri samvinnu í því að bregðast við þessari kostnaðarhækkun.

---

## Gæðastarf og stefnumótun

---

### Evrópska gæðamerkið (EQM)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið að endurskoða vottunarmál sín fyrir framhaldsfræðsluna frá árinu 2015. Endurskoðunin tók allt árið 2016 og því varð hlé á úttektum á fræðsluaðilum og þar með talið Fræðslunetinu.

Fræðslunetið tók engu að síður hluta starfsdags til að endurskoða gæðahandbók sína og hefur hún verið uppfærð að nokkru.

### Stefnumótun og greining

Mikil rýningarvinna og stefnumótun fór fram í ýmsum málaflokkum meðal starfsmanna á árinu. Stefnumótunin fór nær undantekningalaust fram á starfsdögum, sem urðu alls fimm. Helstu málaflokkar sem skoðaðir voru á árinu voru eftirfarandi: Kynningarmál, tekjustreymi, íslenskukennsla, samfélagsverkefni, tómstundanámskeið og vinnustaðaheimsóknir.